

GJALDSKRÁ fyrir Lögbirtingablað.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 3 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
varðandi fjármálastarfsemi	Mat á umhverfisáhrifum
Áskorun	Nauðasamningar
Dómsbirting	Skipulagsauglýsing
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Starfsleyfi
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Stefna
Félagsslit	Svipting fjárræðis
Framhald uppboðs	Umferðarauglýsing
Fyrirkall	Vátryggingafélagaskrá/
Greiðsluáskorun	vátryggingamiðlaraskrá
Happdrætti	Veðhafafundur
Húsbréf	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar
Innkallanir (aðrar en þrottabúa og dánarbúa)	
2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Aukatilkynning hlutafélagaskrár	1.300 kr. fyrir hverja tilkynningu
Firmaskráning	1.300 kr. fyrir auglýsingu
Hlutafélagaskráning	1.300 kr. fyrir auglýsingu
Innköllun dánarbús	1.300 kr. fyrir hvert bú
Innköllun þrottabús	1.300 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.300 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús	1.300 kr. fyrir auglýsingu
Skiptafundur þrottabús	1.300 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok dánarbús	1.300 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok þrottabús	1.300 kr. fyrir auglýsingu
3. Annað:

Undanþegin gjaldskyldu eru skiptalok í búum þar sem innkallanir hafa verið birtar fyrir 1. júlí 2005.

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu.

Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 71.500 fyrir árið.
2. Verð einstakra blaða er kr. 715.
3. Verð fyrir netáskrift er kr. 2.000 fyrir árið.

Nr. 1028

29. október 2015

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 583 frá 29. júní 2007, öðlast gildi 1. janúar 2016.

Innanríkisráðuneytinu, 29. október 2015.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2015